


☒ Re: Ósk um umsögn, Stöng og Gjáin í Þjórsárdal, deiliskipulag - 1511004 -

Búið til	5.10.2020 12:02:00
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	5.10.2020 12:01:58
Tilheyrir	 202009-0023 - Ósk um umsögn, Stöng og Gjáin í Þjórsárdal, deiliskipulag

## Efni

Re: Ósk um umsögn, Stöng og Gjáin í Þjórsárdal, deiliskipulag - 1511004 -

## Upplýsingar

## Vinnsla

Sent	5.10.2020 12:01:58	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

## Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	stella@utu.is

## Innihald

Tilvísun í málsnr. 202009-0023 (LÁ, TB)

Vísað er til meðfylgandi tölvupósts, dags. 15. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir Stöng og Gjána í Þjórsárdal.

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar um framangreint mál.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (mailto:trausti@ni.is)



**From:** "Stella Rúnarsdóttir" <[stella@utu.is](mailto:stella@utu.is)>

**To:** "for@for.is" <[for@for.is](mailto:for@for.is)>; "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>; "kristinn@minjastofnun.is" <[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)>; "uggi@minjastofnun.is" <[uggi@minjastofnun.is](mailto:uggi@minjastofnun.is)>; "hsl@hsl.is" <[hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is)>; "sigrun@hsl.is" <[sigrun@hsl.is](mailto:sigrun@hsl.is)>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <[erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is](mailto:erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is)>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG" <[rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is](mailto:rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is)>

**CC:**

**Subject:** Ósk um umsögn, Stöng og Gjáin í Þjórsárdal, deiliskipulag - 1511004 -

**Date:** 15.9.2020 11:52:11

Góðan dag

Óskum hér með eftir umsögnum ykkar vegna deiliskipulags fyrir Stöng og Gjánna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Sjá bókun skipulagsnefndar UTU frá síðasta fundi, en erindið var tekið fyrir aftur á fundi eftir uppfærslu gagna:

#### Stöng og Gjáin í Þjórsárdal Deiliskipulag – 1511004

Lagt er fram að nýju deiliskipulag fyrir Stöng og Gjána í Þjórsárdal. Málið var tekið fyrir í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftir afgreiðslu skipulagsnefndar þann 8.4.2020. Málið var samþykkt að hálfu sveitarfélagsins en var sent skipulagsnefnd UTU aftur til frekari afgreiðslu.

*Skipulagsnefnd UTU ítrekar fyrri bókun vegna málsins og mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að tillagan verði samþykkt og að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

*Bestu kveðjur,*

---

Stella Rúnarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: [stella@utu.is](mailto:stella@utu.is) (mailto:stella@utu.is)

Vefsíða: [www.utu.is](http://www.utu.is) (<http://www.sbf.is/>)

## Viðhengi

image001.gif (2 KB)

Stong-Gja\_2020-5.10.docx (989 KB)

image001.gif (2 KB)



## Stöng og Gjáin í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Deiliskipulag minjastaðar og ferðamannastaðar.

Þjórsárdalur var friðlýst í janúar á þessu ári og er fyrsta landslagsverndarsvæðið á Íslandi. Innan þess eru þrjú svæði friðlýst sem náttúruvætti; Gjáin, Háifoss og Granni-Hjálparfoss. Svæðið er viðkvæmt fyrir álagi ferðamanna og því jákvætt að farið sé í uppbyggingu innviða á svæðinu og þá sérstaklega við Gjánna.

Í deiliskipulagi minjastaðar og ferðamannastaða fyrir Stöng og Gjánna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi (frá 25. mars 2020) er lýst endurbótum á minjastaðnum Stöng og skipulagningu stígakerfa í Gjánni. Fyrirhugaðar framkvæmdir í stuttu máli eru að stækka byggingu við Stöng, útbúa bílastæði, göngubrú yfir Rauðá, áningarstaðir, útsýnispallar, stígur fyrir hreyfihamlaða, salernishús og geymsla við bílastæði. Vegur að Stöng, Stangarvegur, verður endurbættur og gerður greiðfær öllum bílum, en vegur frá Stöng að Gjánni og vegslóði þaðan að Hólaskógi, verður lokað fyrir umferð velknúinna ökutækja.

Helstu markmið deiliskipulagsins eru (bls. 6):

- *Að verja rústir á Stöng fyrir veðrun og vindi*
- *Draga úr líkum á umhverfisspjöllum vegna ágangs gesta*
- *Miðla upplýsingum um fornminjarnar til gesta*
- *Að gera Stangarsvæðið og Gjána aðgengilegt fyrir sem breiðastan hóp gesta*
- *Að tengja Stöng við næsta nágrenni með greiðfærum göngustíg í Gjána*
- *Gera greiðfæran og öruggan stíg niður í Gjána og um hana*
- *Stuðla að því að gestir geti notið kyrrðar og áhrifa svæðisins*

Mikilvægt er að fylgja eftir staðhæfingum deiliskipulagsins um verndarsvæðið (bls. 9) þ.e.

*“Framkvæmdir, s.s. uppbygging bílastæða, göngustíga og áningarstaða skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Við landnotkun og mannvirkjagerð skal miðla að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar, að þær stuðli að verndun svæðisins og öryggi gesta.”*

Varðandi fornminjavernd er, eins og fram kemur í deiliskipulaginu, mikilvægt að fyrirhugaðar framkvæmdir séu unnar í góðu samstarfi við Minjastofnun.

Athugasemdir Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi náttúrufar:

1. **Bílastæði sunnan við Rauðá.** Gert er ráð fyrir tveimur stórum bílastæðum á þessu svæði, ásamt salernishúsi og geymslu. Til að lágmark rask og framkvæmdir er sett fram spurning hvort ekki sé hægt að sameina þessi bílastæði. Þá þarf að huga að vatnsbóli í Rauðá sem er norðan við bílastæðin sem gæti verið í hættu ef umhverfisslys yrðu við bílastæðin eða salernishús. Ekki kemur fram hversu mörg salernishúsin verða reist við bílastæðin eða hvernig verður staðið að þeim t.d. rotþrær. Þá er ekki ljóst hver tilgangurinn er með geymsluhúsi við bílastæðin.
2. **Miðlun upplýsinga.** Mikilvægt er að miðla bæði upplýsingum um fornminjar og náttúruminjar á svæðinu.
3. **Aðgengi.** Í deiliskipulaginu er lögð áhersla á stíga sem eru greiðfærir fyrir hreyfihamlaða. Ní leggur til að við hönnun þessara stíga verið leitað eftir álit og hugmyndum hjá Öryrkjabandalagi Íslands og tekið tillit til breiðari hóps fatlaðs fólks.
4. **Stígar í Gjánni.** Eins og fram kemur í deiliskipulaginu er full þörf á að afmarka betur stígakerfið í Gjánni sem jafnframt miðar að því að varðveita viðkvæma náttúru svæðisins. Náttúrufræðistofnun gerir athugasemdir við tvo stíga (sjá kort). Stígur merktur A liggur um op á



kletti. Þessi stígur kallar á efnisfyllingu út í Rauðá sem getur valdið breytingum í rennsli árinna, auk þess sem þar er hrúnhætta úr klettum. Þá er líklegt að stígurinn verði fyrir vatnsrofi í árlegum vorleysingum í Gjáinni. Lagt er til að þeim hluta stígarins sem liggur meðfram klettum, um op og yfir á sandeyri vestan við klettaopið verði sleppt. Stígur merktur B liggur yfir á útsýnisstað sem er á afar viðkvæmu gróðursvæði og sem tekur ekki við mörgum gestum í einu. Þar rétt hjá eru

fallegar uppsprettur í mosagróinni hlíð (ör bendir á staðinn) sem þarf að vernda fyrir ágangi. Sjá einnig ljósmynd hér fyrir neðan af svæðinu.



Mikilvægt er að gróður á svæðinu fái að þróast á náttúrulegan hátt þ.e. að öllu raski vegna framkvæmda verði haldið í lágmarki og að ekki verði farið í skógrækt innan svæðisins. Þá þarf að uppræta lúpínu og aðrar ágengar tegundir verði þeirra vart.